

KJARASAMNINGUR

**SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA
F.H. ÞEIRRA SVEITARFÉLAGA OG ANNARRA AÐILA
SEM ÞAÐ HEFUR SAMNINGSUMBOÐ FYRIR**

OG

FÉLAG ÍSLENSKRA NÁTTÚRUFRÆÐINGA

GILDISTÍMI:

1. APRÍL 2023 til 31. MARS 2024

*MJ
MK*

EFNISYFIRLIT

| | |
|--|----------|
| 1. KAFLI: UM KAUP | 3 |
| 1.1 FÖST MÁNAÐARLAUN | 3 |
| 4. KAFLI: ORLOF | 5 |
| 4.3 ORLOFSÁRID | 5 |
| 10. KAFLI: FRÆÐSLUMÁL | 5 |
| 14. KAFLI: GILDISTÍMI OG SAMNINGSFORSENDUR | 5 |
| 14.1 GILDISTÍMI | 5 |
| 14.2 ATKVÆÐAGREIÐSLA | 6 |
| FYLGISKJÖL OG VIÐAUKAR | 7 |
| FYLGISKJAL 1: LAUNATÖFLUR OG TENGITAFLA VIÐ STARFSMAT | 7 |
| FYLGISKJAL 7: SAMKOMULAG UM BREYTINGAR Á FYLGISKJALI 3 | 11 |
| FYLGISKJAL 8: YFIRLÝSING OG VERKÁÆTLUN | 12 |

INNGANGUR

Kjarasamningur aðila, ásamt bókunum og fylgiskjölum, framlengist frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024 með þeim breytingum sem í samkomulagi þessu felast og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

Þeir starfsmenn sem heyra undir kjarasamning þennan hafa réttindi og skyldur samkvæmt lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þar er m.a. fjallað um sérstöðu opinberra starfsmanna, samningsrétt stéttarfélagsins og verkfallsrétt.

Niðurstaða samningsaðila um að gera samning til tólf mánaða felur í sér að viðræðum um önnur atriði en launalið, breytingu á fylgiskjali 3 og skýringarákvæði við grein nr. 4.3.1 um fyrningu orlofs er frestað.

Aðilar eru sammála um að taka upp viðræður um önnur atriði samkvæmt verkáætlun í fylgiskjali 8. Sem hluta af verkáætlun þessari eru aðilar sammála um að framlengja fylgiskjali 2 um betri vinnutíma í dagvinnu og breyttu fylgiskjali 3 um betri vinnutíma í vaktavinnu út gildistíma kjarasamninga aðila.

1. KAFLI: UM KAUP

1.1 FÖST MÁNAÐARLAUN

Grein 1.1.1 breytist og hljóði svo:

Mánaðarlaun þeirra sem gegna fullu starfi, skulu greidd samkvæmt eftirtöldum launatöflum, sjá nánar í fylgiskjali 1:

Launatafla 1 og 1 C: Gildir frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024.

Útgefin launatafla hverju sinni nær yfir alla launaflokka sem miðað er við í kjarasamningi þessum. Laun þessi eru viðmiðun vegna afleiddra launategunda, s.s. tímakaups í yfir- og dagvinnu og lífeyrisgreiðslna B-deilda opinberra lífeyrissjóða eða sambærilegra deilda slíkra sjóða.

Með launatöflu 1 og launatöflu 1 C hefur hagvaxtarauka, sem koma átti til greiðslu 1. maí 2023 skv. gr. 14.2.1 og viðauka 3 með áðurgildandi kjarasamningi aðila, verið að fullu efndur. Jafnframt eru samningsaðilar sammála um að með þessari hækkuun launatöflu 1 og 1 C komi ekki til frekara endurmats á hagvaxtarauka skv. kjarasamningi sem var í gildi frá 2019 til 2023.

Grein 1.1.4 breytist og hljóði svo:

1.1.4 Önnur laun er starfinu fylgja

Auk mánaðarlauna er heimilt að greiða önnur laun er starfinu fylgja með mánaðarlegri greiðslu vegna:

- Starfstengdra þáttu og/eða álags sem ekki verður mælt í tíma
- Jöfnunar launa einstakra hópa á milli almenns og opinbers vinnumarkaðar sbr. fylgiskjal 6.

Sé heimildarákvæðinu beitt, skal tryggt að málsmeyferð og ákvörðun um greiðslu annarra launa byggi á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér kynbundna mismunun.

Á samningstímanum hækka önnur laun um 5% þann 1. apríl 2023.



Heimildarákvæðinu er ætlað að styðja við þær breytingar sem leiða af betra skipulagi vinnutíma sbr. fylgiskjal 2 og 3. Einnig við framkvæmd jöfnunar launa milli markaða sbr. fylgiskjal 6. Ennfremur vegna ónæðis utan vinnutíma vegna starfs, svo sem samskipti við íbúa, þjónustubega, vöktun símtækja tölvupósts o.fl. Ákvörðun um önnur laun skal skjalfest í ráðningarsamningi eða viðauka við hann.

Grein 1.7.1 um persónuuppbót breytist og hljóði svo:

1.7 Persónuuppbót

- 1.7.1 Starfsmaður í 100% starfshlutfalli fær greidda persónuuppbót 1. maí og 1. desember ár hvert. Greitt skal hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma síðustu 12 mánuði fyrr greiðsludag. Hafi starfsmaður gengt hlutastarfi eða starfað hluta úr ári, skal hann fá greitt hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Hafi starfsmaður látið af störfum á árinu vegna aldurs skal hann fá greidda persónuuppbót hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Sama hlutfallsregla gildir ef starfsmaður var frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu vinnuveitanda lýkur eða vegna fæðingarorlofs sbr. 8. gr. laga nr. 95/2000. Sjá einnig gr. 11.1.8.

Persónuuppbót er föst fjárhæð og tekur ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum samningsins. Á persónuuppbót reiknast ekki orlofslaun.

Áunnin persónuuppbót skal gerð upp við starfslok starfsmanns.

Persónuuppbót miðað við 100% starfshlutfall á samningstímanum verður sem hér segir:

| | |
|------------------|-------------|
| 1. maí 2023 | kr. 55.700 |
| 1. desember 2023 | kr. 131.000 |

4. KAFLI: ORLOF

Skýringartexti við grein 4.3.1 breytist og greinin hljóði svo:

4.3 ORLOFSÁRIÐ

- 4.3.1 Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl. Töku áunnins orlofs skal alltaf lokið fyrir lok orlofsársins, sjá þó gr. 4.6.1, 4.6.2. og 4.6.3.

Samkvæmt orlofslögum nr. 30/1987 er framsal orlofslauna og flutningur þeirra milli orlofsára óheimill.

Samkvæmt 5. gr. laga um orlof nr. 30/1987 ber vinnuveitandi ábyrgð á að skipuleggja orlofstöku starfsfólks síns að teknu tilliti til óska þess eins og unnt er vegna starfseminnar.

Samtal skal fara fram eigi síðar en í janúar ár hvert milli starfsmanns og yfirmanns um hvernig töku orlofs utan sumarorlofstíma skuli lokið innan orlofsársins

Í þeim tilfellum sem starfsfólk hefur ekki verið gert kleift að taka uppsafnað gjaldfallið orlof samkvæmt skýringartexta við gr. 4.3.1, verði þeim aðstæðum mætt af hálfu vinnuveitenda með gerð skriflegs samkomulags við viðkomandi starfsfólk um hvernig töku uppsafnaðs orlofs verði lokið. Gerð samkomulags skal lokið eigi síðar en 15. júní 2023.

Náist slikt samkomulag ekki, skal vinnuveitandi tilkynna starfsmanni eigi síðar en 1. júlí 2023 hvernig orlofstöku skuli háttarð þannig að tryggt verði að starfsmaður nái að ljúka töku uppsafnaðs orlofs.

10. KAFLI: FRÆÐSLUMÁL

Skýringartexti við grein 10.2.2 breytist og greinin hljóði svo:

Við mat á fagreynslu ber að taka mið af starfstíma eftir að grunnnámi er lokið á því fræðasviði sem viðkomandi er ráðinn til að starfa á.

Hálfur mánuður og stærra brot úr mánuði telst sem heill mánuður.

Til að fá fagreynslu í starfsgrein metna þarf starfsmaður að leggja fram gögn sem staðfesti þann starfstíma (t.d. vinnuveitandavottorð).

Hækkun vegna fagreynslu kemur til framkvæmda næstu mánaðarmót eftir að gögn hafa borist vinnuveitanda.

Við mat á starfstíma til persónuálags teljast launaðar veikindafjarvistir sem og lögbundið fæðingarorlof.

Starfstími tímavinnufólks er ekki metinn til persónuálags, en heldur þó áunnu persónuálagi vegna fyrri starfa hjá sveitarfélagi.

14. KAFLI: GILDISTÍMI OG SAMNINGSFORSENDUR

14.1 GILDISTÍMI

- 14.1.1 Kjarasamningur aðila, ásamt bókunum og fylgiskjölum, framlengist frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024 með þeim breytingum sem í samkomulagi þessu felast og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.



14.2 ATKVÆÐAGREIÐSLA

- 14.2.1 Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt bókunum og fylgiskjölum, upp til afgreiðslu fyrir 14. júní 2023. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 13:00 þann 14. júní 2023 skoðast samningurinn samþykktur.

Reykjavík, 6. júní 2023

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga
með fyrirvara um samþykki stjórnar.

MARÍNA ÞÓRSDÓTTIR
ELÍSÍKÍR VÍðSDÓTTIR

F.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga
með fyrirvara um samþykki
félagsmanna.

Guðrún Ólafsdóttir
Rúnheiður Ólafsdóttir
Guðrún Ólafsdóttir
Steina Þórunn Ólafsdóttir
Stefán Ólafsson

FYLGISKJÖL OG VIÐAUKAR

FYLGISKJAL 1: LAUNATÖFLUR OG TENGITAFLA VIÐ STARFSMAT

Mánaðarlaun þeirra sem gegna fullu starfi, skulu greidd samkvæmt eftirtöldum launatöflum:

Launatafla 1: Gildir frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024.

| BHM (starfsmat): LAUNATAFLA 1 | | | | | | | | | |
|--|------------|-----------------|-----------------|-----------------|-----------------|------------------|------------------|------------------|------------------|
| Gildir frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024 | | | | | | | | | |
| Launa-flokkur | Grunn-laun | Persónu-álag 2% | Persónu-álag 4% | Persónu-álag 6% | Persónu-álag 8% | Persónu-álag 10% | Persónu-álag 12% | Persónu-álag 14% | Persónu-álag 16% |
| 145 | 540.031 | 550.831 | 561.632 | 572.433 | 583.233 | 594.034 | 604.835 | 615.635 | 626.436 |
| 146 | 544.770 | 555.666 | 566.561 | 577.456 | 588.352 | 599.247 | 610.143 | 621.038 | 631.933 |
| 147 | 549.563 | 560.554 | 571.545 | 582.536 | 593.528 | 604.519 | 615.510 | 626.501 | 637.493 |
| 148 | 554.407 | 565.495 | 576.584 | 587.672 | 598.760 | 609.848 | 620.936 | 632.024 | 643.113 |
| 149 | 559.305 | 570.491 | 581.677 | 592.864 | 604.050 | 615.236 | 626.422 | 637.608 | 648.794 |
| 150 | 564.256 | 575.541 | 586.827 | 598.112 | 609.397 | 620.682 | 631.967 | 643.252 | 654.537 |
| 151 | 568.994 | 580.374 | 591.754 | 603.134 | 614.514 | 625.894 | 637.274 | 648.654 | 660.034 |
| 152 | 573.781 | 585.257 | 596.732 | 608.208 | 619.684 | 631.159 | 642.635 | 654.110 | 665.586 |
| 153 | 578.618 | 590.191 | 601.763 | 613.335 | 624.908 | 636.480 | 648.052 | 659.625 | 671.197 |
| 154 | 583.508 | 595.178 | 606.848 | 618.518 | 630.189 | 641.859 | 653.529 | 665.199 | 676.869 |
| 155 | 588.449 | 600.218 | 611.987 | 623.756 | 635.525 | 647.294 | 659.063 | 670.832 | 682.601 |
| 156 | 594.881 | 606.778 | 618.676 | 630.574 | 642.471 | 654.369 | 666.266 | 678.164 | 690.062 |
| 157 | 601.400 | 613.428 | 625.456 | 637.484 | 649.512 | 661.540 | 673.568 | 685.596 | 697.624 |
| 158 | 608.009 | 620.169 | 632.329 | 644.489 | 656.649 | 668.809 | 680.970 | 693.130 | 705.290 |
| 159 | 614.707 | 627.001 | 639.295 | 651.589 | 663.883 | 676.177 | 688.471 | 700.765 | 713.060 |
| 160 | 621.495 | 633.925 | 646.355 | 658.785 | 671.215 | 683.645 | 696.075 | 708.504 | 720.934 |
| 161 | 628.376 | 640.944 | 653.511 | 666.079 | 678.647 | 691.214 | 703.782 | 716.349 | 728.917 |
| 162 | 635.351 | 648.058 | 660.765 | 673.472 | 686.179 | 698.886 | 711.593 | 724.300 | 737.007 |
| 163 | 642.421 | 655.269 | 668.117 | 680.966 | 693.814 | 706.663 | 719.511 | 732.360 | 745.208 |
| 164 | 649.587 | 662.578 | 675.570 | 688.562 | 701.554 | 714.545 | 727.537 | 740.529 | 753.520 |
| 165 | 656.850 | 669.987 | 683.124 | 696.261 | 709.398 | 722.535 | 735.672 | 748.809 | 761.946 |
| 166 | 664.212 | 677.496 | 690.780 | 704.065 | 717.349 | 730.633 | 743.917 | 757.201 | 770.486 |
| 167 | 671.674 | 685.108 | 698.541 | 711.974 | 725.408 | 738.841 | 752.275 | 765.708 | 779.142 |
| 168 | 679.238 | 692.822 | 706.407 | 719.992 | 733.577 | 747.161 | 760.746 | 774.331 | 787.916 |
| 169 | 686.904 | 700.643 | 714.381 | 728.119 | 741.857 | 755.595 | 769.333 | 783.071 | 796.809 |
| 170 | 694.675 | 708.568 | 722.461 | 736.355 | 750.248 | 764.142 | 778.035 | 791.929 | 805.822 |
| 171 | 702.551 | 716.602 | 730.653 | 744.704 | 758.755 | 772.806 | 786.857 | 800.908 | 814.959 |
| 172 | 710.534 | 724.745 | 738.956 | 753.166 | 767.377 | 781.588 | 795.798 | 810.009 | 824.220 |
| 173 | 718.626 | 732.998 | 747.371 | 761.743 | 776.116 | 790.488 | 804.861 | 819.233 | 833.606 |
| 174 | 726.827 | 741.364 | 755.900 | 770.437 | 784.973 | 799.510 | 814.047 | 828.583 | 843.120 |
| 175 | 735.140 | 749.842 | 764.545 | 779.248 | 793.951 | 808.654 | 823.356 | 838.059 | 852.762 |
| 176 | 743.565 | 758.436 | 773.308 | 788.179 | 803.050 | 817.922 | 832.793 | 847.664 | 862.535 |
| 177 | 752.105 | 767.147 | 782.190 | 797.232 | 812.274 | 827.316 | 842.358 | 857.400 | 872.442 |
| 178 | 760.761 | 775.977 | 791.192 | 806.407 | 821.622 | 836.838 | 852.053 | 867.268 | 882.483 |
| 179 | 769.535 | 784.926 | 800.317 | 815.707 | 831.098 | 846.489 | 861.879 | 877.270 | 892.661 |

BHM (starfsmat): LAUNATAFLA 1

Gildir frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024

| Launa-flokkur | Grunn-laun | Persónu-álag 2% | Persónu-álag 4% | Persónu-álag 6% | Persónu-álag 8% | Persónu-álag 10% | Persónu-álag 12% | Persónu-álag 14% | Persónu-álag 16% |
|---------------|------------------|-----------------|-----------------|-----------------|-----------------|------------------|------------------|------------------|------------------|
| 180 | 778.428 | 793.996 | 809.565 | 825.133 | 840.702 | 856.270 | 871.839 | 887.407 | 902.976 |
| 181 | 787.441 | 803.189 | 818.938 | 834.687 | 850.436 | 866.185 | 881.933 | 897.682 | 913.431 |
| 182 | 796.576 | 812.508 | 828.439 | 844.371 | 860.302 | 876.234 | 892.165 | 908.097 | 924.028 |
| 183 | 805.836 | 821.953 | 838.070 | 854.186 | 870.303 | 886.420 | 902.536 | 918.653 | 934.770 |
| 184 | 815.222 | 831.526 | 847.830 | 864.135 | 880.439 | 896.744 | 913.048 | 929.353 | 945.657 |
| 185 | 824.734 | 841.229 | 857.724 | 874.218 | 890.713 | 907.208 | 923.702 | 940.197 | 956.692 |
| 186 | 834.376 | 851.064 | 867.751 | 884.439 | 901.126 | 917.814 | 934.501 | 951.189 | 967.876 |
| 187 | 844.556 | 861.447 | 878.338 | 895.229 | 912.120 | 929.011 | 945.903 | 962.794 | 979.685 |
| 188 | 854.877 | 871.975 | 889.073 | 906.170 | 923.268 | 940.365 | 957.463 | 974.560 | 991.658 |
| 189 | 865.344 | 882.651 | 899.958 | 917.265 | 934.572 | 951.879 | 969.186 | 986.493 | 1.003.799 |
| 190 | 876.044 | 893.565 | 911.086 | 928.607 | 946.127 | 963.648 | 981.169 | 998.690 | 1.016.211 |
| 191 | 888.151 | 905.914 | 923.678 | 941.441 | 959.204 | 976.967 | 994.730 | 1.012.493 | 1.030.256 |
| 192 | 900.429 | 918.437 | 936.446 | 954.455 | 972.463 | 990.472 | 1.008.480 | 1.026.489 | 1.044.497 |
| 193 | 912.877 | 931.134 | 949.392 | 967.650 | 985.907 | 1.004.165 | 1.022.422 | 1.040.680 | 1.058.937 |
| 194 | 925.500 | 944.010 | 962.520 | 981.030 | 999.540 | 1.018.050 | 1.036.560 | 1.055.070 | 1.073.580 |
| 195 | 938.299 | 957.065 | 975.831 | 994.597 | 1.013.363 | 1.032.129 | 1.050.895 | 1.069.661 | 1.088.427 |
| 196 | 951.279 | 970.305 | 989.330 | 1.008.356 | 1.027.381 | 1.046.407 | 1.065.433 | 1.084.458 | 1.103.484 |
| 197 | 964.440 | 983.729 | 1.003.018 | 1.022.307 | 1.041.596 | 1.060.884 | 1.080.173 | 1.099.462 | 1.118.751 |
| 198 | 977.785 | 997.341 | 1.016.897 | 1.036.452 | 1.056.008 | 1.075.564 | 1.095.119 | 1.114.675 | 1.134.231 |
| 199 | 991.317 | 1.011.143 | 1.030.969 | 1.050.796 | 1.070.622 | 1.090.448 | 1.110.275 | 1.130.101 | 1.149.927 |
| 200 | 1.005.040 | 1.025.140 | 1.045.241 | 1.065.342 | 1.085.443 | 1.105.543 | 1.125.644 | 1.145.745 | 1.165.846 |

MS
RP

Eftirfarandi störf eru C störf:

| C-störf: | |
|--|--------|
| Arkitekt/Skipulagsfræðingur | BHM-36 |
| Verkefnastjóri 3 - mannauðsmál og/eða fræðslumál | BHM-40 |
| Verkefnastjóri með sértæka ábyrgð - fornleifar | BHM-44 |
| Yfirláttúrufræðingur | BHM-46 |
| Deildarstjóri almannavarna | BHM-74 |

| TENGITAFLA VIÐ STARFSMAT | | |
|---------------------------------|------------|-----------|
| Gildir frá 1. apríl 2023 | | |
| Launaflokkur | Neðri mörk | Efri mörk |
| 145 | 504 | 510 |
| 146 | 511 | 517 |
| 147 | 518 | 524 |
| 148 | 525 | 531 |
| 149 | 532 | 538 |
| 150 | 539 | 545 |
| 151 | 546 | 552 |
| 152 | 553 | 559 |
| 153 | 560 | 566 |
| 154 | 567 | 573 |
| 155 | 574 | 580 |
| 156 | 581 | 587 |
| 157 | 588 | 594 |
| 158 | 595 | 601 |
| 159 | 602 | 608 |
| 160 | 609 | 615 |
| 161 | 616 | 622 |
| 162 | 623 | 629 |
| 163 | 630 | 636 |
| 164 | 637 | 643 |
| 165 | 644 | 650 |
| 166 | 651 | 657 |
| 167 | 658 | 664 |
| 168 | 665 | 671 |
| 169 | 672 | 678 |
| 170 | 679 | 685 |
| 171 | 686 | 692 |
| 172 | 693 | 699 |

| TENGITAFLA VIÐ STARFSMAT | | |
|---------------------------------|------------|-----------|
| Gildir frá 1. apríl 2023 | | |
| Launaflokkur | Neðri mörk | Efri mörk |
| 173 | 700 | 706 |
| 174 | 707 | 713 |
| 175 | 714 | 720 |
| 176 | 721 | 727 |
| 177 | 728 | 734 |
| 178 | 735 | 741 |
| 179 | 742 | 748 |
| 180 | 749 | 755 |
| 181 | 756 | 762 |
| 182 | 763 | 769 |
| 183 | 770 | 776 |
| 184 | 777 | 783 |
| 185 | 784 | 790 |
| 186 | 791 | 797 |
| 187 | 798 | 804 |
| 188 | 805 | 811 |
| 189 | 812 | 818 |
| 190 | 819 | 825 |
| 191 | 826 | 832 |
| 192 | 833 | 839 |
| 193 | 840 | 846 |
| 194 | 847 | 853 |
| 195 | 854 | 860 |
| 196 | 861 | 867 |
| 197 | 868 | 874 |
| 198 | 875 | 881 |
| 199 | 882 | 888 |
| 200 | 889 | 895 |

Launatafla 1 C: Gildir frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024.

| BHM (C störf): LAUNATAFLA 1 | | | | | | | | | | |
|---|------------|-----------------|-----------------|-----------------|-----------------|------------------|------------------|------------------|------------------|--|
| Gildir frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024 | | | | | | | | | | |
| Launa-flokkur | Grunn-laun | Persónu-álag 2% | Persónu-álag 4% | Persónu-álag 6% | Persónu-álag 8% | Persónu-álag 10% | Persónu-álag 12% | Persónu-álag 14% | Persónu-álag 16% | |
| 25 | 565.057 | 576.358 | 587.659 | 598.960 | 610.261 | 621.562 | 632.863 | 644.165 | 655.466 | |
| 26 | 571.625 | 583.057 | 594.490 | 605.922 | 617.355 | 628.787 | 640.220 | 651.652 | 663.085 | |
| 27 | 578.016 | 589.577 | 601.137 | 612.697 | 624.258 | 635.818 | 647.378 | 658.939 | 670.499 | |
| 28 | 584.774 | 596.469 | 608.165 | 619.860 | 631.556 | 643.251 | 654.947 | 666.642 | 678.338 | |
| 29 | 591.631 | 603.464 | 615.296 | 627.129 | 638.962 | 650.794 | 662.627 | 674.459 | 686.292 | |
| 30 | 598.304 | 610.270 | 622.236 | 634.202 | 646.168 | 658.134 | 670.100 | 682.066 | 694.032 | |
| 31 | 605.359 | 617.466 | 629.573 | 641.681 | 653.788 | 665.895 | 678.002 | 690.109 | 702.216 | |
| 32 | 612.518 | 624.768 | 637.019 | 649.269 | 661.519 | 673.770 | 686.020 | 698.270 | 710.521 | |
| 33 | 619.780 | 632.175 | 644.571 | 656.967 | 669.362 | 681.758 | 694.153 | 706.549 | 718.945 | |
| 34 | 627.150 | 639.693 | 652.236 | 664.779 | 677.322 | 689.865 | 702.408 | 714.951 | 727.494 | |
| 35 | 634.627 | 647.319 | 660.012 | 672.704 | 685.397 | 698.089 | 710.782 | 723.474 | 736.167 | |
| 36 | 642.211 | 655.055 | 667.900 | 680.744 | 693.588 | 706.432 | 719.277 | 732.121 | 744.965 | |
| 37 | 649.908 | 662.906 | 675.904 | 688.903 | 701.901 | 714.899 | 727.897 | 740.895 | 753.893 | |
| 38 | 657.718 | 670.872 | 684.027 | 697.181 | 710.335 | 723.490 | 736.644 | 749.799 | 762.953 | |
| 39 | 665.641 | 678.954 | 692.267 | 705.579 | 718.892 | 732.205 | 745.518 | 758.831 | 772.143 | |
| 40 | 673.679 | 687.152 | 700.626 | 714.100 | 727.573 | 741.047 | 754.520 | 767.994 | 781.467 | |
| 41 | 681.835 | 695.471 | 709.108 | 722.745 | 736.381 | 750.018 | 763.655 | 777.292 | 790.928 | |
| 42 | 689.779 | 703.574 | 717.370 | 731.166 | 744.961 | 758.757 | 772.552 | 786.348 | 800.144 | |
| 43 | 698.171 | 712.135 | 726.098 | 740.062 | 754.025 | 767.989 | 781.952 | 795.915 | 809.879 | |
| 44 | 707.023 | 721.163 | 735.303 | 749.444 | 763.584 | 777.725 | 791.865 | 806.006 | 820.146 | |
| 45 | 715.324 | 729.630 | 743.937 | 758.243 | 772.550 | 786.856 | 801.163 | 815.469 | 829.775 | |
| 46 | 724.087 | 738.569 | 753.051 | 767.532 | 782.014 | 796.496 | 810.978 | 825.459 | 839.941 | |
| 47 | 732.977 | 747.637 | 762.296 | 776.956 | 791.615 | 806.275 | 820.935 | 835.594 | 850.254 | |
| 48 | 742.000 | 756.840 | 771.680 | 786.520 | 801.360 | 816.200 | 831.040 | 845.880 | 860.720 | |
| 49 | 751.151 | 766.174 | 781.197 | 796.220 | 811.243 | 826.266 | 841.289 | 856.312 | 871.335 | |
| 50 | 760.439 | 775.648 | 790.856 | 806.065 | 821.274 | 836.483 | 851.691 | 866.900 | 882.109 | |
| 51 | 769.862 | 785.259 | 800.656 | 816.054 | 831.451 | 846.848 | 862.245 | 877.642 | 893.040 | |
| 52 | 779.420 | 795.008 | 810.597 | 826.185 | 841.774 | 857.362 | 872.950 | 888.539 | 904.127 | |
| 53 | 789.118 | 804.901 | 820.683 | 836.466 | 852.248 | 868.030 | 883.813 | 899.595 | 915.377 | |
| 54 | 798.959 | 814.938 | 830.917 | 846.897 | 862.876 | 878.855 | 894.834 | 910.813 | 926.793 | |
| 55 | 808.942 | 825.121 | 841.299 | 857.478 | 873.657 | 889.836 | 906.015 | 922.194 | 938.372 | |
| 56 | 819.068 | 835.450 | 851.831 | 868.212 | 884.594 | 900.975 | 917.356 | 933.738 | 950.119 | |
| 57 | 829.345 | 845.932 | 862.519 | 879.106 | 895.692 | 912.279 | 928.866 | 945.453 | 962.040 | |
| 58 | 839.771 | 856.567 | 873.362 | 890.158 | 906.953 | 923.748 | 940.544 | 957.339 | 974.135 | |
| 59 | 850.760 | 867.775 | 884.791 | 901.806 | 918.821 | 935.836 | 952.851 | 969.867 | 986.882 | |
| 60 | 861.912 | 879.151 | 896.389 | 913.627 | 930.865 | 948.104 | 965.342 | 982.580 | 999.818 | |
| 61 | 873.232 | 890.697 | 908.161 | 925.626 | 943.091 | 960.555 | 978.020 | 995.485 | 1.012.949 | |
| 62 | 885.901 | 903.619 | 921.337 | 939.055 | 956.773 | 974.491 | 992.209 | 1.009.927 | 1.027.645 | |
| 63 | 899.023 | 917.003 | 934.984 | 952.964 | 970.945 | 988.925 | 1.006.906 | 1.024.886 | 1.042.867 | |
| 64 | 912.340 | 930.587 | 948.834 | 967.080 | 985.327 | 1.003.574 | 1.021.821 | 1.040.068 | 1.058.314 | |
| 65 | 925.857 | 944.374 | 962.891 | 981.408 | 999.925 | 1.018.442 | 1.036.959 | 1.055.477 | 1.073.994 | |
| 66 | 939.576 | 958.368 | 977.159 | 995.951 | 1.014.742 | 1.033.534 | 1.052.325 | 1.071.117 | 1.089.908 | |
| 67 | 953.502 | 972.572 | 991.642 | 1.010.712 | 1.029.782 | 1.048.852 | 1.067.922 | 1.086.992 | 1.106.062 | |
| 68 | 967.638 | 986.990 | 1.006.343 | 1.025.696 | 1.045.049 | 1.064.401 | 1.083.754 | 1.103.107 | 1.122.460 | |
| 69 | 981.983 | 1.001.622 | 1.021.262 | 1.040.902 | 1.060.541 | 1.080.181 | 1.099.820 | 1.119.460 | 1.139.100 | |
| 70 | 996.544 | 1.016.475 | 1.036.406 | 1.056.337 | 1.076.268 | 1.096.199 | 1.116.130 | 1.136.061 | 1.155.991 | |

FYLGISKJAL 7: SAMKOMULAG UM BREYTINGAR Á FYLGISKJALI 3

Samkomulag um breytingar á fylgiskjali 3 í kjarasamningum aðila 2019 til 2023.

Vaktavinnuhópur 2023 sammælist um að leggja til við samningsaðila að gera eftirfarandi breytingar á greinum 1.6.1., 1.6.2. og 2.6.10.

VAKTAÁLAG

Vaktaálagi verði breytt þannig að á þeim tímum sem er greitt 90% álag verði greitt 120% álag og á þeim tímum sem er greitt 120% álag verði greitt 165% álag. Greinar 1.6.1. og 1.6.2. verði:

1.6 ÁLAGSGREIÐSLUR - VAKTAÁLAG

1.6.1 Vaktaálag reiknast af dagvinnukaupi sbr. gr. 1.4.1. Vaktaálag skal vera:

- 33,33% kl. 17:00 - 24:00 mánudaga til fimmtudaga
- 55,00% kl. 17:00 - 24:00 föstudaga
- 65,00% kl. 00:00 - 08:00 þriðjudaga til föstudaga
- 55,00% kl. 08:00 - 24:00 laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga
- 75,00% kl. 00:00 - 08:00 laugardaga, sunnudaga, mánudaga og sérstaka frídaga
- 120,00% kl. 00:00 - 24:00 stórhátíðardaga sbr. gr. 2.1.4.3, þó þannig að frá kl. 16:00 - 24:00 á aðfangadag og gamlársdag og kl. 00:00 – 08:00 á jóladag og nýársdag er 165,00% álag.

Brot úr klst. greiðist hlutfallslega.

1.6.2 Greiðsla fyrir bakvaktir skal reiknast af dagvinnukaupi sbr. gr. 1.4.1 með eftirtöldum hætti:

- 33,33% kl. 17:00 - 24:00 mánudaga til fimmtudaga
- 45,00% kl. 17:00 - 24:00 föstudaga
- 45,00% kl. 00:00 - 08:00 mánudaga
- 33,33% kl. 00:00 - 08:00 þriðjudaga til föstudaga
- 45,00% kl. 00:00 - 24:00 laugard., sunnud. og sérstaka frídaga
- 120,00% kl. 00:00 - 24:00 stórhátíðardaga sbr. gr. 2.1.4.3, þó þannig að frá kl. 16:00 - 24:00 á aðfangadag og gamlársdag og kl. 00:00 – 08:00 á jóladag og nýársdag er 165,00% álag.


Brot úr klst. greiðist hlutfallslega. Um greiðslur fyrir útköll á bakvakt gilda gr. 2.3.3.1 og 2.3.3.2.

VAKTAHVATI

Vaktahvata verði breytt til að tryggja jafnari vaktahvata til handa þópi sem er með mestan fjölda og fjölbreytileika vakta á hverju launatímabili. Taflan í grein 2.6.10 verði:

2.6.10 Vaktahvati

Hlutfall vaktahvata miðist við eftirfarandi töflu:



FYLGISKJAL 8: YFIRLÝSING OG VERKÁÆTLUN

Yfirlýsing og verkáætlun samningsaðila á gildistíma kjarasamninga 2023 til 2024.

Með samkomulagi um framlengingu á kjarasamningi er viðræðum um önnur atriði en launalið aðila frestað. Aðilar eru sammála um að hefja viðræður eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

| Málefni | Vinna hefst | Vinnu lýkur |
|---|-------------------|------------------|
| Betri vinnutími í dagvinnu / framlenging á fylgiskjali 2 með áherslu á umbætur og eftirfylgni til að ná betur fram gagnkvæmum ávinningi. Settur verður á laggirnar vinnuhópur þvert á opinbera launagreiðendur og bandalög/stéttarfélög líkt og er vegna betri vinnutíma í vaktavinnu. | Vinna þegar hafin | 31. janúar 2024 |
| Betri vinnutími í vaktavinnu / framlenging á fylgiskjali 3 með áherslu á umbætur og eftirfylgni til að ná betur fram gagnkvæmum ávinningi. Vettvangur stýrihóps heldur áfram. | Vinna þegar hafin | 31. janúar 2024 |
| Endurskoðun veikindakafla / framlenging á bókun 2. | Vinna þegar hafin | 31. október 2023 |
| Bakvaktir/skoðun á fyrirkomulagi bakvaka | 17. apríl 2023 | 31. janúar 2024 |
| Ráðning í tímavinnu / Aðilar eru ásáttir um að fara sameiginlega yfir fyrirkomulag ráðninga í tímavinnu. | 17. apríl 2023 | 31. ágúst 2023 |

Ofangreind mál eru á borði heildarsamtaka og launagreiðenda. Eftirfarandi mál verða til umræðu milli aðila í aðdraganda næstu kjarasamninga:

| Málefni | Vinna hefst | Vinnu lýkur |
|---|---------------|------------------|
| Vörpun C hópa starfa í starfsmat/endurskoðun tengitöflu og launatöflu. Skipaður verði starfshópur með fulltrúum aðila sem verði falið að skoða málið. Hópurinn fundar að minnsta kosti mánaðalega. Við endurskoðun á tengitöflu og launatöflu skal tryggt að öll aðildarfélög BHM sem eru í starfsmati komi þar að. | 15. júní 2023 | 31. október 2023 |

| | | |
|--|-------------------|--------------------|
| Endurskoðun 10. kafla, s.s. grein 10.2.3, mat á menntun 10.3.1, launað námsleyfi. | 15. júní 2023 | 30. nóvember 2023 |
| Samtal um vinnumhverfi. Samstarfsnefnd verði falið að vinna að því að greina þróun og breytingar á starfsumhverfi í störfum sérfraeðinga. | 1. september 2023 | 31. janúar 2024 |
| Endurskoðun á öðrum launum, útfæra persónubundna þætti/frammistöðumat og tímabundna þætti í samningnum ásamt því að ræða um samgöngustyrki. | 1. október 2023 | 31. mars 2024 |
| Yfirfara bókanir, sérákvæði, samkomulag í fundargerðum aðila og ganga frá heildstæðum undirrituðum kjarasamningi. | 15. júní 2023 | 15. september 2023 |
| Ganga frá samkomulagi við FÍN um afhendingu launaupplýsinga. | 1. nóvember 2023 | 31. desember 2023 |
| Samningsaðilar munu yfirfara stjórnskipulag náttúrustofa ásamt viðkomandi ráðuneyti með það að markmiði að staða þeirra sé skýr. Í framhaldi verður farið yfir kjarasamning aðila sem tekur mið af niðurstöðu þeirrar vinnu. Aðilar eru sammála um að ljúka þessari vinnu eigi síðar en 31. mars 2024. | 15. júní 2023 | 31. mars 2024 |

Aðilar áskilja sér rétt til að taka fleiri mál til umræðu í aðdraganda næstu kjarasamninga.

Þann 31. október 2023 skulu áherslur samningsaðila liggja fyrir. Eigi síðar en 15. nóvember skulu viðræður hefjast og munu aðilar þá gera áætlun um framgang viðræðna ásamt tímasettum markmiðum.

